

Ed.

324. Nefndarátt

um frv. til laga um breyting á lögum nr. 47, 30. nóv. 1914. [*Atkvæðagreiðsla fjarstaddra manna við alþingiskosningar*].

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin aðhyllist þá meginstefnu frv. að gera þeim mönnum ljettara fyrir að neyta kosningarrjettar sins, sem vegna elli eða vanheilsu eru ekki færir um að komast á kjörstað, þótt þeir sjeu staddir í þeim hreppi eða kaupstað, þar sem þeir standa á kjörskrá. Þó telur nefndin sjálfsagt, að forföllin sjeu sönnuð með

læknisvottorði eins oft og verða má, og ber því fram brtt., er herðir nokkuð á kröfunni um læknisvottorðið. — Þá þykir nefndinni rjett, að atkvæðagreiðsla þeirra manna, er svo stendur á um, sem segir í fyrstu grein frumv., fari svo seint fram eða nærri kosningardegi, sem nægja þykir til þess, að kjósandinn fái notið kosningarrjettarins. Ber hún því einnig fram brtt. í þessa átt.

Í 33. gr. laga nr. 28, 3. nóv. 1915, um kosningar til Alþingis, er mælt svo fyrir, að einhver kjörstjórnanna skuli aðstoða kjósanda, ef hann er ekki fær um að kjósa sakir sjónleysis eða annarar líkamsbilunar. Nú er gert ráð fyrir því í annari grein frumv. þess, er hjer er til meðferðar, að kjósandinn geti sjálfur valið sjer þann, er hann vill, er um atkvæðagreiðslu fjarstaddra manna er að ræða. Á meðan almenn kosningalög mæla svo fyrir, sem þau gera um þetta efni, þykir samræmisins vegna rjettara, að sá, er vottorðið gefur, tilnefni kjósandann til aðstoðar þeim, sem kjósa vill, enda má ætla, að þar verði í flestum tilfellum farið eftir ósk þess, er kjósa skal. Brtt. í þessa átt ber því nefndin líka fram.

Hinsvegar mælir nefndin á móti því, að lengra sje gengið í breytingum á fyrirmælum laganna um kosningar fjarstaddra manna, og vill því fella niður 3. og 4. gr. frumv. þessa.

Samkvæmt því, sem hjer er skráð að ofan, leggur nefndin til, að deildin samþykki frv. með þessum

BREYTINGUM.

1. 2. málslíður 2. málgr. 1. gr. orðist svo:

Forföll eru sönnuð með læknisvottorði i kaupstöðum og hreppi, sem læknir býr i, en annarsstaðar með vottorði læknis eða hreppstjóra.

2. Á eftir 2. málslíð 2. málgr. 1. gr. komi nýr málslíður, er hljóðar svo:

Atkvæðagreiðsla þeirra manna, er um ræðir í þessari málsgrein, má eigi fram fara fyr en daginn fyrir kjördag, ef kjósandi á heima á kjörstað, og ekki fyr en tveim dögum fyrir kjördag, ef hann á heima utan kjörstaðar.

3. Við 2. gr.

Í stað orðanna »kjósandi nefnir til og nærstaddur er« komi: vottorðið gefur, tilnefna nærstaddan kjósanda til að.

4. 3. gr. fellur niður.

5. 4. gr. fellur niður.

6. 5. gr. verður 3. gr.

7. Í 6. gr., sem verður 4. gr., standi í 1. línu í stað »1.—5.«: 1.—2.

Alþingi, 10. april 1923.

Jón Magnússon, S. H. Kvaran, Guðm. Guðfinnsson,
form. frsm. fundaskrifari.